

## Vestanhafs þrá menn gamla landið þrátt fyrir að hafa aldrei litið það augum

# Að sjá fjall og sæ í fyrsta sinn

Sigrún Björgvinsdóttir á Egilsstöðum hefur ritað bók um ferðir sínar á slóðir Vestur-Íslendinga í Kanada þar sem hún léði fjölda fólks eyra og hitti ættmenni. **Steinunn Ásmundsdóttir** spurði hana hverju áhugi hennar á vesturförum sætti.

"Ég veit ekki nákvæmlega ennpá af hverju ég fór þessa þriggja mánaða ferð í árslok '98 sem bókin fjallar að mestu um," segir Sigrún.

"Þegar ég fór að heyra viðtöl við Vestur-Íslendinga í útvarpi og heyrði þetta fólk tala íslensku vaknaði áhugi minn. Að það væri gaman að fara og athuga hversu margir þarna töluðu raunverulega íslensku. Mér finnst þetta mjög merkilegt og eiginlega fyndið að það skuli enn vera töluð íslenska þarna. Það rak mig af stað út."

### Ísland svo bjart og grænt

Sigrún segir það hafa komið sér á óvart hversu áleitin spurningin um hvernig vesturförunum leið hafi verið. "Ég var upptekin af því allan tímann að hugsa um hvernig þessu fólk hefði liðið. Það myndi aldrei geta komið aftur, kvaddi landið sitt og skepnurnar sínar og ættingja og sumir börnin sín.

Hvernig leið þessu fólk? Það sagði mér kona úti að hún heyrði sem lítil stúlka móður sína og vinkonur hennar koma saman og tala um Ísland. Ísland var svo yndislegt, þar var allt svo fallegt. Það var svo bjart og svo grænt, fossarnir og árnar, norðurljósin og allt var svo stórkostlegt á Íslandi. Ég held að þannig hafi þessi ást á landinu, eða forvitni, gengið í arf til afkomendanna og sé enn að grassera í fólkinu."

### Ég kalla þetta gönguverkfæri

Sigrún fékk leyfi til að spjalla við fólk af íslenskum ættum á öldrunarheimilinu Betel á Gimli. "Þar var til dæmis kona sem var að verða hundrað ára. Ég gleymi því aldrei þegar ég kom til hennar. Hún lá uppi í rúmi og ég sagði komdu blessuð, ég er komin frá Íslandi til að hitta Íslendinga hér. Fyrst svaraði hún á ensku, svolítið rugluð og síðan fór hún að tala íslensku og alveg ótrúlega vel. Hún sem talaði aldrei íslensku þarna á heimilinu, búin að vera þar í um tuttugu ár. Það sem sló mig mest var að hún fer á fætur og sest í stól og svo bendir hún mér á göngugrindina sína og spyr hvað þetta heiti á íslensku. Við köllum þetta göngugrind, segi ég. Já, það er gott nafn, segir hún. Ég kalla þetta nú bara gönguverkfæri. Kona sem aldrei heyrði íslensku var búin að gefa hlutunum í kringum sig íslensk nöfn. Þetta þótti mér furðulegt.

Uppi á vegg hjá henni voru myndir sem hún hafði málað. M.a. mynd af Geysi sem hún hafði séð á korti. Vatnið er svo blátt sagði hún og hafði fyrir á árum spurt íslenskan gest hvort vatnið væri virkilega svona blátt á Íslandi."



"Hvernig leið þessu fólk sem var að skiljast við bú sitt og skepnur, ættingja og jafnvel börnin sín?" spyr Sigrún Björgvinsdóttir sig og lítur vestur um haf.

## **Unni Íslandi en langaði ekki þangað**

"Þarna var líka áttæð kona ættuð úr Skagafirði og talaði ekki einasta íslensku, heldur talaði norðlensku. Hún sagði "sagði" og "habði" og hafði ekki hugmynd um að hún væri að tala norðlensku og enginn hafði tekið eftir þessu. Framburðinn hafði hún frá foreldrum sínum trúlega. Ég hitti líka níutíu og tveggja ára gamla kona sem talaði íslensku reiprennandi, las hana og skrifaði og hafði aldrei komið til Íslands. Hún sagði mér að ekki væri víst að sig langaði nokkuð þangað. Það var líka til í dæminu. Hún var eins og drottning, með mikið hvítt hár, spilaði á píanó og lék undir í morgunsöngnum hjá Betel og hjá karlakórnum.

## **Að drekka úr læk í fyrsta sinn**

"Það var allt svo skemmtilegt þarna," segir Sigrún. "Sléttarnar í kringum Gimli, guð minn góður! Vegirnir lágu bara eins og strik og hurfu út í fjarskann, svo komu aðrir þvert á eins og reitir á taflborði. Þarna var ekki nokkur einasta mishæð.

Ég spurði eina af þessum konum sem ég hitti hversu gömul hún hefði verið þegar hún sá fjall í fyrsta sinn. Hún sagðist muna það eins og það hefði gerst í gær. Hún var um fertugt og um borð í lest á leið vestur til Vancouver að vetrarlagi. Á lestarklefanum var hægt að opna lúgu upp úr og hún stóð alla nóttina meðan lestin fór yfir fjöllin og horfði á. Hún sagðist aldrei hafa séð neitt svo stórkostlegt.

Ég spurði líka kanadískan mann, rúmlega fertugan, sem kom að heimsækja mig, hvenær hann hefði fyrst séð sjó. Hann hafði fyrst séð sjó fertugur að aldri og það úr flugvél á leið til Evrópu. Hann sá ekki sjó í alvöru fyrr en hann kom til Íslands fjörutíu og fjögurra ára. Ég hugsaði með mér að það væri skrítið að sjá ekki sjó, sjá ekki foss, ekki almennilegt blátt stöðuvatn. Það hlýtur að vera mikið ævintýri fyrir uppvaxið fólk að leggjast í fjallshlíð hjá læk og drekka úr honum. Hugsaðu þér! Í fyrsta sinn á ævinni."

## **Loksins verður hjarta mitt rótt**

Sigrún segist hafa vitað af einhverjum ættmönnum sínum sem fóru vestur um haf, en aldrei hafa sett sig í samband við afkomendur þeirra. Hún kynntist þó töluverðu af frændfólki þegar á hólminn var komið.

"Ég hitti til dæmis Einar Vigfússon frænda minn, sem hefur heimsótt Ísland.

Þar hitti ég yndislegt fólk. Konan hans stjórnar ungmennakórnum Rósinni, sem kom til Íslands og m.a. austur sl. sumar." Sigrún hélt dagbók í Kanada og er bókin "Loksins verður hjarta mitt rótt - dagbók frá dvöl í Kanada" afrakstur þeirrar ritunar þó að ekki hafi staðið til í byrjun að gefa ferðasöguna út. Útgefandann, Publish Islandica, fann hún gegnum Lögberg-Heimskringlu og er bókin sett og prentuð í Bandaríkjunum.

Tvær barnabækur hafa verið gefnar út eftir Sigrúnu, auk þess sem hún hefur birt smásögur og ljóð í blöðum og tímaritum til margra ára. Sigrún ferðast gjarnan og auk tilfallandi skrifta vinnur hún myndverk í flóka, gróðursetur tré á ættaróðalinu í Skriðdal, svo sem eins og fimmtíu þúsund plöntur árlega með systkinum sínum og dundar í garðinum sínum á Egilsstöðum.

Bókina "Loksins verður hjarta mitt rótt - dagbók frá dvöl í Kanada" má nálgast hjá útgefanda á vefslóðinni

[www.publishamerica.com/books/3593](http://www.publishamerica.com/books/3593).

[steinunn@mbl.is](mailto:steinunn@mbl.is)